

**From:** Styrkur - Deaf [<mailto:styrkur@deaf.is>]

**Sent:** mánudagur, 6. mars 2017 13:34

**To:** Haraldur Líndal Haraldsson <[hlh@hafnarfjordur.is](mailto:hlh@hafnarfjordur.is)>

**Subject:** Heilbrigdisverkefni sem er okkur mjög mikilvægt. bréf til bæjarráð /stjórn

Kæri Haraldur . Mig langar að kynna ykkur fyrir

Starfsemi Félags heyrnarlausra á árinu 2017 og 2018

Verkefni Félags heyrnarlausra á árinu 2017 og 2018 mun að mestu leyti byggjast á því að koma af stað greiningarvinnu um geðheilbrigði heyrnarlausra. Félagið hefur í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og útskriftanema í sálfræði þar ákveðið að fara í stóra og viðamikla könnun þar sem kynnt er fyrir félagsmönnum hvaða geðsjúkdómar eru helstir í gangi í samfélaginu s.s. kvíði, þunglyndi og áfallastreituröskun ásamt fleiru og hvernig slíkir sjúkdómar hegða sér í reynd. Í framhaldinu verður farið í viðamikla könnun á geðheilsu þeirra þar sem öll könnunin fer fram á táknmáli svo rannsóknin skili sér sem best til fólksins.

Í framhaldinu mun félagið vinna úr greiningu rannsóknarinnar og fara með hana áfram inn í heilbrigðiskerfið þar sem við tekur vinna við að koma fólki í viðtöl og meðferðir.

Við slíkt verkefni þurfum við á góðum samstarfsaðilum að halda og óskum við eftir liðsinni fyrirtækja að gera okkar góða fólk betra og tryggja andlegt heilbrigði og heilsu landsmanna.

Vonumst við eftir jákvæðum viðbrögðum og liðsstyrk ykkar við verkefnum fyrir heyrnarlausra er koma allsstaðar að af landinu. Ósk 300.000 kr stuðning .

Með von um jákvæðar undirtektir.

Með fyrirfram þökk.

Virðingarfyllst / With regards

## Starfsfólk Félags heyrnarlausra



Félag heyrnarlausra • Þverholti 14 • 105 Reykjavík • Iceland

**Íslenskt táknmál þú hefur það í hendi þér**

**Sími: 561-3560 - GSM: 660 4566**

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)